

Eftirfylgni: Verktakagreiðslur hjá Fasteignaskrá

Niðurstaða

Ríkisendurskoðun ítrekar ekki ábendingu sína til Þjóðskrár Íslands (áður Fasteignaskrá Íslands) frá árinu 2010 um að stofnunin beri að gæta hagkvæmni í launamálum. Þjóðskrá Íslands hefur brugðist með ásættanlegum hætti við athugasemd Ríkisendurskoðunar við launasamsetningu forstöðumanns tölvudeildar hennar og telst málinu lokið.

Úr skýrslu Ríkisendurskoðunar árið 2010

Í skýrslu sinni [Verktakagreiðslur hjá Fasteignaskrá](#) (2010) beindi Ríkisendurskoðun athygli að verktakagreiðslum Fasteignaskrár Íslands (nú Þjóðskrá Íslands) til tiltekins einkahlutafélags á árunum 2000–09. Verksamningur þessara aðila frá árinu 2002 bar að mati Ríkisendurskoðunar ýmis merki „gerviverktöku“, þ.e. greiðslur samkvæmt honum runnu til forstöðumanns tölvudeildar stofnunarinnar sem þurfti sjáanlega ekki að bera neinn kostnað af umsömdu verki, t.d. í formi aðstöðu, tækja og áhalda. Þvert á móti hafði hann fasta vinnuaðstöðu og viðveru hjá Fasteignaskrá Íslands, auk þess sem hann hafði endurgjaldslausan aðgang að öðrum starfsmönnum stofnunarinnar og öllum þeim búnaði sem nauðsynlegur var til að sinna því verki sem samið var um. Fjárhagsleg ábyrgð hans og áhætta af verkinu var því lítil eða engin.

Í skýrslunni beindi Ríkisendurskoðun tveimur ábendingum til Fasteignaskrár Íslands: Annars vegar bæri stofnuninni að fylgja reglum skattfyrivalda um þann greinarmun sem gerður er á verktakavinnu og launavinnu. Hins vegar bæri ríkisaðilum jafnan að auglýsa laus störf til umsóknar og gefa þar með öllum þeim sem hafa getu og vilja til að sinna þeim kost á að sækja um þau.

Ný ábending árið 2013

Í [Skýrslu um eftirfylgni: Verktakagreiðslur hjá Fasteignaskrá](#) (2013) greindi Ríkisendurskoðun frá því að Þjóðskrá Íslands hefði sagt upp áður nefndum verksamningi Fasteignaskrár og auglýst starf forstöðumanns tölvudeildar laust til umsóknar. Jafnframt kom fram að forstöðumaður tölvudeildarinnar hefði verið ráðinn í starfið.

Ríkisendurskoðun leit svo á að með þessum aðgerðum sínum hefði Þjóðskrá Íslands brugðist með formlegum hætti

við ábendingum hennar. Launakjör forstöðumannsins árin 2011–12 vöktu engu að síður spurningar, ekki síst vegna hárra greiðslna til hans fyrir „fasta yfirvinnu“ og „yfirvinnu“ til viðbótar föstum mánaðarlaunum. Í heild höfðu greiðslur stofnunarinnar því fremur hækkað en lækkað vegna beins lögbundins kostnaðar sem tengdust launagreiðslum til fyrrum verktaka. Af þessum sökum beindi Ríkisendurskoðun nýrri ábendingu til Þjóðskrár Íslands árið 2013. Sú laut að þörf á að gæta hagkvæmni í launamálum. Forstjóra bæri að horfa til almennra launakjara opinberra starfsmanna og gæta þess að sannarlega væri þörf fyrir þá yfirvinnu sem greitt væri fyrir og að hún væri unnin.

Í viðbrögðum Þjóðskrár Íslands 2013 voru ekki gerðar efnislegar athugasemdir við skýrsludrög Ríkisendurskoðunar. Fram kom að stofnunin legði mikla áherslu á að gæta hagkvæmni og ráðdeildar í rekstri sínum, jafnt í launamálum sem öðrum rekstrarþáttum, þar á meðal við að tryggja stofnuninni mannauð með viðeigandi þekkingu, hæfni og reynslu. Stofnunin myndi taka ábendingu Ríkisendurskoðunar til vandlegrar athugunar. Við undirbúning launaákvæðana lykilstjórnenda og sérfræðinga myndi hún því kynna sér laun opinberra starfsmanna í sambærilegum störfum eins og kostur væri.

Innanríkisráðuneyti tjáði sig einnig um skýrsludrög Ríkisendurskoðunar. Það gerði ekki athugasemdir við ábendingu, ályktanir og niðurstöður skýrsludraganna en kvaðst myndu boða forstjóra Þjóðskrár Íslands á sinn fund þegar endanleg skýrsla Ríkisendurskoðunar lægi fyrir þar sem farið yrði yfir launasamsetningu forstöðumanns tölvudeildar stofnunarinnar.

Eftirfylgni árið 2016

Í desember 2015 óskaði Ríkisendurskoðun eftir upplýsingum um hvort og þá hvernig Þjóðskrá Íslands hefði brugðist við ábendingunni frá 2013. Í svari stofnunarinnar kom fram að launasamsetning sviðstjórans hefði verið yfirfarin. Ákvörðun hefði verið tekin um að hækka mánaðarlaun og fækka föstum yfirvinnutímum til samræmis við fastan fjölda yfirvinnutíma hjá öðrum sviðsstjórum en heildarlaun myndu haldast óbreytt. Ákvörðunin byggði á nokkrum atriðum, m.a. þeirri að viðkomandi starfsmaður

væri nánast á vakt allan sólarhringinn. Þá hefði ábyrgðar-
svið hans aukist þar sem hann auk annarra starfa leiddi
nýtt verkefni Þjóðskár Íslands sem fælist í að stýra þróun,
viðhaldi og endurgerð fjölmargra og sérhæfðra upplýsinga-
kerfa sýslumanna. Enn fremur væru tölvunarfræðingar
með jafn sérhæfða menntun og reynslu og hann vand-
fundnir. Stofnunin hefði nýverið auglýst eftir slíkum en
umsækjendur hefðu allir verið nýútskrifaðir og reynslulitir
og þjálfun tæki langan tíma. Jafnframt hefði stofnunin gert
samanburð á heildarlaunakostnaði vegna starfsmannsins
og kostnaði ef stofnunin þyrfti að kaupa þessa þjónustu á
markaði. Að teknu tilliti til þeirra viðskiptakjara sem ætla
mætti að fengjust við langtímasamning um þjónustu af
þessum toga yrði um tvöföldun á kostnaði að ræða.

Með tilliti til þess hvernig mál hafa þróast telur Ríkisendur-
skoðun ekki þörf á að ítreka ábendingu sína.

Um úttektina

Í samræmi við staðla Alþjóðasamtaka ríkisendurskoðana
um stjórnsýsluendurskoðun (ISSAI 300 og ISSAI 3000) fylgir
Ríkisendurskoðun úttektarskýrslum sínum jafnan eftir með
sjálfstæðri athugun á því hvort og þá hvernig brugðist hafi
verið við ábendingum þeirra. Slík eftirfylgni fer fram um
það bil þremur árum eftir útgáfu skýrslna og leggur stofn-
unin þar megináherslu á að kanna hvort þeir anmarkar
eða veikleikar sem hún vakti athygli á séu enn fyrir hendi.

Þjóðskrá Íslands fékk drög að þessari eftirfylgniskýrslu til
umsagnar og þakkar stofnunin henni fyrir aðstoð og upp-
lýsingar við gerð hennar.